



Skólatöskudagar Iðjuþjálfafélags Íslands

21. – 25. september 2009



Fræðslu- og kynningarnefnd IPÍ

Björg Hreinsdóttir
Brynhildur Guðmundsdóttir
Helga Kristín Gestsdóttir
Karen Björg Gunnarsdóttir
Rakel Anna Másdóttir
Sigrún Jóna G. Eydal

Verkefnið var unnið í samvinnu við:



Eymundsson
Bóksali frá 1872

Skólatöskudagar Iðjubjálfafélags Íslands (ÍÞÍ) voru haldnir á landsvísu fjórða árið í röð dagana 21. - 25. september 2009. Fræðslu- og kynningarnefnd ÍÞÍ sá um undirbúning og framkvæmd Skólatöskudaga en hana skipuðu: Björg Hreinsdóttir, Brynhildur Guðmundsdóttir, Helga Kristín Gestsdóttir, Karen Björg Gunnarsdóttir, Raket Anna Másdóttir og Sigrún Jóna G. Eydal.

Verkefnið var unnið í samvinnu við Lýðheilsustöð en framlag þeirra til verkefnisins var 100.000 kr. og var lógó þeirra sett á öll gögn. Tengill Lýðheilsustöðvar við nefndina var Rósa Þorsteinsdóttir (rosa@lydheilsustod.is). Eins var samstarf við verkefnið „Göngum í skólann” á vegum ÍSÍ en það var einnig styrkt af Lýðheilsustöð, helsti tengiliður ÍSÍ var Örvar Ólafsson (orvar@isi.is). Samvinnan fólst í að ÍÞÍ sendi út kynningabréf um vorið og greindi um leið frá „Göngum í skólann” verkefninu og kynningabréf þeirra var sent um haustið og þá var minnst á Skólatöskudaga. Unnið var í samstarfi við Pennann - Eymundson og styrktu þeir verkefnið með prentun á bæklingnum. Öll gögn voru prentuð í prentsmiðjunni Prentmet.

Þátttaka iðjubjálfa og iðjubjálfanema var aðeins lakari en fyrri ár. Vinnugögn skólatöskudaga voru tekin saman fyrir hvern og einn af starfsendurhæfingunni á Kleppi og gafst það ágætlega. Útbúa þyrfti þó nákvæmar leiðbeiningar um hvernig á að pakka og láta fylgja með til að fyrirbyggja að eitthvað vanti. Á höfuðborgarsvæðinu nálguðust þátttakendur gögnin á skrifstofu BHM en á Eyjafjarðarsvæðinu voru gögnin sótt til Birnu Guðrúnar Baldursdóttur iðjubjálfa. Gögn á aðra staði á landsbyggðinni voru póstlögð. Flestir þátttakendur skiluðu inn niðurstöðum á tölvutæku formi að verkefninu loknu en þó vantaði gögn frá iðjubjálfum sem voru búnir að skrá á sig marga nemendur. Nefndin sendi niðurstöður til Kristjönu Fenger lektors við Háskólann á Akureyri (HA).

Nokkrir skólar óskuðu að fyrra bragði eftir iðjubjálfa og náði nefndin að koma til móts við flestar þær óskir, í framtíðinni væri frábært að sjá að enn fleiri skólar myndu óska eftir að fá iðjubjálfa.

Iðjuþjálfar skráðu yfir 3000 nemendur í verkefnið en einungis bárust gögn um 2097 nemenda. Nefndin telur þetta alvarlegt mál þar sem mikill kostnaður liggur í prentun á gögnum og því er óásættanlegt að ekki liggi fyrir hvort gögnin hafi verið nýtt eður ei. Þó er vitað um einn skóla þar sem iðjuþjálfari hitti um 260 nemendur en kaus að skila ekki inn gögnum.

Þátttaka í skólatöskudögum 2009:

Iðjuþjálfar: 45

Iðjuþjálfanemar: 9

Gögnum sem var skilað:

Fjöldi skóla: 28

Fjöldi nemanda: 2097 + 260 (nemendur sem vitað er að fengu heimsókn en gögnum var ekki skilað)

Prentun gagna (magn)

- 3000 bókamerki
- 2400 vigtunarbleðlar (600 A4 blöð skorin í fernt)
- 1400 bæklingar í þrúbroti
- 50 veggspjöld í A3 stærð
- 2700 litablað
- 2700 þrautablað
- 3000 límmiðar

(Afgangur að gögnum verður geymdur á skrifstofu SIGL í Borgartúni. Mikilvægt er fyrir næstu skólatöskudaga að biðja iðjuþjalfa um að taka tillit til þeirra gagna sem þeir eiga þegar þeir gefa upp fjölda nemenda).

Send var fréttatilkynning til helstu fjölmiðla en því miður voru undirtektir takmarkaðar. Þátturinn „Samfélagið í nærmynd“ hafði samband af fyrra bragði og bað um viðtal og fór Helga Kristín í það. Umfjöllun var í Morgunblaðinu ástamt mynd af vettvangi. Einnig voru þrautir tengdar skólatöskudögum birtar í barnaopnu

Morgunblaðsins tvo laugardaga í röð, tengiliður var Signý (sygnny@mbl.is). Grein birtist í Hollráð heilsunnar í Morgunblaðinu og eins var nokkuð um umfjöllum á ýmsum heimasíðum. Geta má að gögn skólatöskudaga eru aðgengileg á heimasíðu Iðjubjálfafélagsins (sigl.is) og Lýðheilsustöðvar (lydheilsustod.is).

Hugmyndir Fræðslu- og kynningarnefndar fyrir Skólatöskudaga

- Endurskoða framkvæmd skólatöskudaga t.d. hafa þá annað hvert ár eða afmarka þá bekkir sem farið er í t.d. 3 og 6 bekkur. Nefndin telur þetta faglegri vinnubrögð þar sem safnaði yrði á markvissan hátt inn upplýsingum um ákveðinn hóp nemenda sem hægt er að bera saman.
- Endurskoða útreikning á þyngd töskunnar s.s. nota meðalþyngd nemenda á ákveðnum aldri ekki þyngd nemandans sjálfs. Þetta yrði gert til að fyrirbyggja að nemandi sem er í yfirþyngd komi ekki út með lægri prósentu en sjá sem er í meðalþyngd. Teljum að ekki sé hægt að fullyrða að þyngri nemandi geti borið þyngri tösku.
- Setja á vigtunarblaðið kassa þar sem hægt er að haka við hvað er í töskunni og þ.a.l. vigtað t.d. nesti, íþróttaföt og hljóðfæri. Bæta líka í excelskjalið svo nefndin fái upplýsingar. Faglegra því þá er betri forsendur til að bera nemendur og skóla saman.
- Útbúa spurningalista til nemenda sem notaður er fyrir og eftir skólatöskufræðslu til að kanna hvort og hvernig fræðsluhlutinn skilar sér. Spurning um að hafa listann myndrænan.
- Fræða nemendur í kennaranámi HA og HÍ um skólatöskur og skólatöskudaga - markmið að gera kennara meðvitaðri um mikilvægi rétrar notkunar skólatösku.
- Fræða kennara í skólunum betur um skólatöskuna. Nefndinni hefur dottið í hug að búa fræðsluerindi (20-25 mín.) sem hægt væri að „selja“ inn í skólana fyrir kennara til að gera þá meðvitaðri og meiri þátttakendur í ferlinu.
- Efla samstarf við iðjubjálfanema í sambandi við Skólatöskudagana, t.d. hvað á að gera við nemanannsóknina á skólatöskudögunum - Ræða við Kristjönu Fenger.
- Útbúa segla á ísskáp - (aðeins búið að kanna þessa hugmynd og er hún dýr í framkvæmd).
- Þýða „Tips“ og hugmyndir af „Fun Activities“ frá „School Awareness Day“ hjá AOTA (búið að fá leyfi hjá Karen Jacobs).
- Gera heimasíðu IPÍ enn virkari í tengslum við Skólatöskudaga.

- Setja teygjuhléaþingar forritið fyrir börn á heimasíðu IPÍ.
- Setja inn tengil Göngum í skólann á heimasíðu IPÍ.
- Gera markvissa fjölmiðlaáætlun svo hægt sé að senda út tímanlega umfjöllun á Skólatöskudögum. Samvinna við Ragnheiði hjá BHM.
- Hvetja iðjuþjálfara til að taka myndir af Skólatöskudögum og senda til IPÍ sem gæti svo sett inn á heimasíðu félagsins. Iðjuþjálfarar að störfum.
- Frekara samstarf við ÍSÍ – Göngum í skólann????
- Spurning hvort hægt sé að fara í samstarf við heilsugæslu eða Lýðheilsustöð og búa til (endurvekja?) bækling sem hægt er að dreifa í leikskólana um rétta notkun skólatöskunnar.
- ???? um að koma með tillögu um að senda fréttatilkynningu á alla skóla-foreldrafélög, stofnanir sem tengjast börnum s.s. slf.is, sjonarholl.net, adhd.is og ýmislegt fleira.....
- Hugmynd er um að skoða hvernig verkefnið geti verið sjálfbærara í framtíðinni s.s. að skólarnir hafi meira frumkvæði en það krefst þess að skipulagi og utanumhaldi sé breytt.
- Útbúa upplýsingapakka um skólatöskuna til að senda til fræðslunefnda sveitarfélaga.

Björg Hreinsdóttir

Brynhildur Guðmundsdóttir

Helga Kristín Gestsdóttir

Karen Björg Gunnarsdóttir

Rakel Anna Másdóttir

Sigrún Jóna G. Eydal